



Reykjavík, 17. nóvember 2025

VEL25090074

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins um búsetuúrræði með stuðningi í herbergjasambýlum fyrir ungt fólk með fjölþættan vanda

Þann 17. september 2025 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skoða fýsileika þess að koma upp sérstöku búsetuúrræði með stuðningi í herbergjasambýlum borgarinnar fyrir ungt fólk með fjölþættan vanda sem náð hefur 18 ára aldri samhliða mögulegri endurskipulagningu á herbergjasambýlum.

Umsögn:

Fjölþættur vandi tekur til flestra sviða heilbrigðis- og félagsmálakerfisins. Ekki er til opinber skilgreining í lögum og reglugerðum um hvað felst í fjölþættum vanda en almennt er litið á að börn og ungmenni sem glíma við samverkandi félagslegan, sálfélagslegan og/eða geðrænan vanda sem hefðbundin úrræði í heimahúsi eða innan skóla- og félagsþjónustu duga ekki til að mæta, falli undir fjölþættan vanda. Um er að ræða einstaklinga sem falla annað hvort undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eða lög um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þau ungmenni sem um ræðir hafa í flestum tilvikum verið vistuð, annað hvort í fóstri eða í einkareknum úrræðum á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Þegar þau ná 18 ára aldri er þeim vísað í fullorðinsþjónustu á velferðarsviði. Velferðarsvið hefur ekki yfir að ráða úrræðaflóru sem mætir vanda þessara einstaklinga sem er sá sami eftir að þeim er vísað í fullorðinsþjónustu.

Í allmörgum tilfellum hafa málefni barna með fjölþættan vanda verið barnaverndarmál til lengri tíma og flest stuðningsúrræði hafa verið reynd. Börn og ungmenni með fjölþættan vanda eru ekki aðeins með greiningu vegna eins ákveðins sjúkdóms, fötlunar, fíknar eða röskunar heldur eru oft með margar greiningar í gegnum bernskuna. Þá eru einnig dæmi um að ekki hafi verið hægt að ljúka greiningarferli vegna óstöðugleika í umhverfi barnsins til lengri tíma.

Þau þessara ungmenna sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga geta að mati sérfræðinga velferðarsviðs nýtt sér sameiginlega búsetu í herbergjasambýli með sólarhringsþjónustu þar sem unnið er með ungmennin og þau fá stuðning og kennslu til að geta búið sjálfstætt. Ekki er talið ráðlegt að bjóða fleiri en tveimur ungmönnum á hverjum tíma að búa saman.



Reykjavík



Gera má ráð fyrir að kostnaður við slíkt úrræði væri allt að 200 m.kr. m.kr. á ársgrundvelli en til samanburðar má geta þess að kostnaður við vistun tveggja ungmenna á vegum Barnaverndar í einkareknum úrræðum er áætlaður 432 m.kr. á árinu 2025.

Ef taka á húsnæði sem hýst hefur herbergjasambýli og nýta í búsetuþjónustu fyrir einstaklinga með flóknar og krefjandi stuðningsþarfir á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og sem skora hátt í áhættumati þarf að huga sérstaklega að skipulagi húsnæðisins, tryggja einkarými og takmarka sameiginleg rými. Með þessu væri verið að hámarka öryggi allra, bæði íbúa og starfsfólks. Einnig þarf að huga að staðsetningu húsnæðisins m.t.t. nærumhverfis.

Við kostnaðargreiningu er hægt að stilla upp mönnunarmódeli sem ætti að gefa raunhæfa mynd af kostnaði við reksturinn fyrir þrjá einstaklinga. Öðru máli gegnir um kostnað við breytingar á húsnæði, hann getur verið mjög breytilegur eftir því um hvaða hús er að ræða. Það er þörf á stigskiptu úrræði þar sem einstaklingar hefðu gott einkarými og sér baðherbergisaðstöðu en myndu deila stofu, borðstofu og eldhúsi.

Kostnaður m.v. þrjá einstaklinga í þjónustuflokki IV þroski með tveimur næturvöktum í rekstri velferðarsviðs nemur á ársgrundvelli tæpum 300 m.kr.

Kostnaður vegna þjónustu og búsetu hjá Klettabæ m.v. þrjá einstaklinga er rúmar 500 m.kr. miðað við meðalkostnað vistunar 18 ára og eldri í Klettabæ í október 2025.



Reykjavík